



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Starf Flugklasans Air 66N 1. apríl – 11. Okt. 2019

Hér verður gerð grein fyrir því helsta í starfi Flugklasans Air 66N undanfarna mánuði.

Markaðssetning

4.-7. apríl stóð Flugklasinn fyrir FAM ferð í samstarfi við Icelandair og Air Iceland Connect. Þá komu í heimsókn 15 aðilar frá mismunandi ferðskrifstofum í Evrópu til að kynna sér Norðurland, og nota auðvitað tengiflugið til að koma norður. Það er leitt að síðan þá hafi AIC ákveðið að hætta með þetta tengiflug, en kynningin á Norðurlandi sem þessar erlendu ferðaskrifstofur fengu stendur fyrir sínu.

Fulltrúi flugklasans sótti ferðaráðstefnuna Routes Europe eins og undanfarin ár. Ráðstefnan var að þessu sinni haldin í Hannover í Þýskalandi 8. – 10. apríl og gekk mjög vel. Alls sat fulltrúi flugklasans 26 fundi, þar af átján með flugfélögum, sex með flugvöllum og tvo með ráðgjöfum í flugbransanum. Er þetta meira en nokkru sinni og sýnir vaxandi áhuga á áfangastaðnum. Fundirnir voru bæði með nýjum aðilum og aðilum sem flugklasinn hefur áður hitt og verið í samskiptum við. Mjög mikilvægt er að fara á sýningu sem þessa til þess að festa áfangastaðinn Norðurland í sessi í hugum flugrekenda um allan heim.

Flugklasinn tók á móti fjölda blaðamanna á tímabilinu frá um 20 mismunandi miðlum. Ríflega helmingur af þeim tengdust Arctic Coast Way, en það verkefni hefur vakið mikla athygli og áhuga blaðamanna og ferðasöluaðila.

Flugklasinn og Voigt Travel stóðu fyrir blaðamannaferð frá Hollandi í lok maí, þar sem ferðast var vítt og breitt um Norðurland. Það skilaði heilmiklu af góðu efni og enn er að birtast nýtt efni úr þessari ferð. Þá kom Flugklasinn einnig að því að taka á móti bloggurum frá Hollandi sem ferðuðust á eigin vegum um Norðurland, en þeir voru valdir af Voigt Travel.

Flugklasinn tók þátt í skipulagningu og kostnaði við ferð á vegum Voigt Travel til að taka upp myndband af dæmigerðri heimsókn Hollendinga til Norðurlands. Upptökur fóru fram í byrjun september og mun þetta efni verða notað til markaðssetningar á ferðum Voigt Travel hingað næsta sumar.

Flugklasinn og MN tóku virkan þátt í VestNorden ferðakaupstefnunni sem haldin var að þessu sinni í Færeyjum 23.-26. september. Mikill áhugi var á Norðurlandi og það sem bar hæst var Norðurstrandarleið og greinilega mikill áhugi ferðaskrifstofa að bjóða upp á ferðir í tengslum við leiðina. Til þess að bjóða upp á góða vöru í tengslum við Norðurstrandarleið þarf einmitt samkvæmt hennar stöðlum að eyða megninu af íslandsferðinni á leiðinni sjálfri til þess að fá vöruna vottaða. Þetta þýðir að besti kosturinn til þess að bjóða upp á Norðurstrandarleið er að hefja ferðalagið á Norðurlandi. Formlegir fundir voru um 38 og þar af eitt flugfélag og þó nokkrar ferðskrifstofur sem höfðu áhuga á að fá upplýsingar um stuðning við beint flug og eða vildu lýsa yfir áhuga á nýta sér þesskonar möguleika.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Flugfélög/Ferðaskrifstofur

Eins og flestir vita þá varð móðurfélag bresku ferðaskrifstofunnar Super Break gjaldþrota 1. ágúst 2019. Þetta gerðist fyrirvaralaust og án vitneskju starfsfólks Super Break, sem missti vinnuna samstundis. Þetta gjaldþrot þýðir að fyrirhugaðar ferðir á vegum Super Break til Akureyrar næsta vetur verða ekki farnar. Það er auðvitað mikið áfall fyrir þá uppbyggingu sem hér hefur átt sér stað og þau fjölmörgu fyrirtæki á Norðurlandi sem höfðu beinan og óbeinan hag af komum þessara farþega til Akureyrar. Búið var að selja yfir 40% af sætunum þegar 1. ágúst og þannig ljóst að grundvöllur fyrir flugferðunum var til staðar. Gremjulegast er að það var ekki rekstur Super Break eða starfsemi þeirra hér sem varð fyrirtækinu að falli – heldur var það móðurfélagið sem féll og þar með Super Break með. En þessu stjórnnum við ekki og ekkert að gera nema bretta upp ermar og halda sókninni áfram.

Flugklasinn hefur verið í sambandi við breskar ferðaskrifstofur um möguleika á að taka upp þráðinn þar sem Super Break hætti. Ekki er útlit fyrir að það verði fyrir komandi vetur – of stuttur tími er til stefnu fyrir þær að byrja nýja starfsemi af þessu tagi næsta vetur. En það er áhugi til staðar og vonandi finnast aðilar sem gætu hafið svipaða starfsemi og Super Break fyrir veturinn 2020-2021.

Flugklasinn hefur unnið mikið með Voigt Travel undanfarna mánuði. Haldin var sameiginleg vinnustofa um miðjan maí, þar sem framkvæmdastjóri Voigt Travel fór yfir starfsemi þeirra og áherslur. Einnig var hluti vinnustofunnar samskiptanámskeið með breskum sérfræðingi á því sviði. Vinnustofan var í boði fyrir öll samstarfsfyrirtæki MN og tóku 45 fyrirtæki þátt, en uppselt var á vinnustofuna. Mikil ánægja var meðal þátttakenda og stefnt er að því að halda aftur samskonar vinnustofu í lok þessa árs.

Fyrsta flugferð á vegum Voigt Travel lenti á Akureyrarflugvelli 27. maí, en flogið var vikulega á mánudögum í sumar frá Rotterdam. Hollenska flugfélagið Transavia annaðist flugið og notaði til þess Boeing 737-700 flugvélar sem taka 149 farþega. Síðasta ferðin var svo mánudaginn 9. September. Norðlendingar gátu einnig nýtt sér þessar flugferðir og annaðist Ferðaskrifstofa Akureyrar sölu á bæði tilbúnum pökkum og stökum flugsætum. Í eitt skiptið var ekki hægt að lenda sökum þoku og þá lenti vélin í Keflavík og beið um stund þar til hægt var að fljúga norður og lenda þar. En að öðru leyti gengu þessar flugferðir mjög vel.

Voigt Travel hefur nú sett í sölu vetrarferðir líka – farnar verða átta flugferðir næsta vetur og mun fyrsta ferðin verða 14. febrúar. Þá verður flogið tvisvar í viku, á mánudögum og föstudögum, og frá Amsterdam í stað Rotterdam. Fjöldmargir mismunandi pakkar eru í boði frá Hollandi, en einnig gefst Norðlendingum kostur á að kaupa helgarferðir til Amsterdam, sjá á vef Ferðaskrifstofu Akureyrar.

Þessar ferðir Voigt Travel skipta miklu máli, ekki hvað síst í ljósi þess að gestir frá Super Break munu ekki koma í vetur. Samstarf Flugklasans við Voigt Travel hefur gengið mjög vel og berum við miklar vonir til þess næstu misseri. Voigt Travel er að fjárfesta verulega í markaðssetningu á Norðurlandi í Hollandi og hefur fengið til þess stuðning úr Flugþróunarsjóði. Hjá Voigt Travel er horft til uppbyggingar til lengri tíma sem er lykilatriði til að byggja upp áfangastaðinn Norðurland.



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Verkefnastjóri Flugklasans sótti viðburðinn „Winter Event“ sem haldinn var af Voigt Travel í nágrenni Amsterdam í Hollandi 28.-29. september s.l. Þar var Norðurland kynnt fyrir áhugasömum ferðamönnum sem voru að íhuga ferðalag til norður - Evrópu. Norðurland fékk mikla athygli og það mun vonandi skila sér í auknum bókunum hjá Voigt Travel. Í framhaldi af þessum viðburði heimsótti verkefnastjóri skrifstofur Voigt Travel 30. september til þess að ræða samstarfið og verkefnin framundan.

Innra starf

Uppsetning ILS búnaðarins gengur skv. áætlun. Stefnt er að flugprófunum í október og að búnaðurinn verði tilbúinn til notkunar í nóvember. Það eru vissulega frábærar fréttir að búnaðurinn sé að komast í gagnið og mun nýttast Transavia við flugferðir Voigt Travel í vetur. Tilkoma búnaðarins skiptir einnig sköpum í viðræðum við aðra erlenda aðila sem hafa áhuga á að fljúga beint til Akureyrar.

Í sumar var birt grænbók um drög að flugstefnu fyrir Ísland, sem unnin var að frumkvæði Samgönguráðuneytisins. Í stuttu máli var innihald grænbókarinnar það að mikilvægt væri að byggja áfram upp í Keflavík, tryggja þyrfti Egilsstaðaflugvöll sem varaflugvöll en annað ætti ekki að byggja upp fyrir millilandaflug – sem sagt ekki gert ráð fyrir neinni uppbyggingu á Akureyrarflugvelli. Allir höfundar grænbókarinnar komu af höfuðborgarsvæðinu og bar innihald hennar óneitanlega keim af því. Flugklasinn og MN gerðu margar athugasemdir við grænbókina, sem og fjölmörg sveitarfélög á Norðurlandi, atvinnuþróunarfélög og fleiri aðilar. Athugasemdirnar MN voru sendar til allra sveitarstjórnarmanna fyrir stuttu og verða þær ekki tíundaðar í þessari skýrslu.

Verkefnastjóri flugklasans sat áfram í starfshópi um aðstöðu fyrir flugfarþega í tengslum við millilandaflug á Akureyrarflugvelli, sem stofnaður var að frumkvæði Akureyrarbæjar.

Einnig sátu fulltrúar Flugklasans og MN fund með bæjarstjórn Akureyrar í ágúst ásamt nokkrum þingmönnum þar sem staðan á Akureyrarflugvelli var rædd, sérstaklega m.t.t. flugstöðvarinnar. KEA svf. setti sem kunnugt er fram hugmynd og tilboð um að byggja nýja flugstöð sem ríkið myndi svo leigja af þeim. Þannig mætti flýta uppbyggingunni og bregðast við brýnni þörf til að bæta aðbúnað farþega sem fara um flugstöðina. Þessi tillaga hefur verið skoðuð af Isavia að beiðni Samgönguráðuneytisins, en ekki liggur fyrir niðurstaða í því máli – þ.e. hvort þessi leið verði farin eða einhver önnur. Hjá Isavia var einnig búið að teikna minniháttar breytingar (áður en KEA kom með sína tillögu) en ekkert hefur orðið af þeim meðan þessi KEA leið hefur verið í skoðun. Endanleg ákvörðun liggur ekki fyrir enn, en vonandi fara þessi mál að skýrast.

Það er einnig rétt að áréttast að í drögum að þingsályktunartillögu með fjármálaáætlun 2020-2024 stendur eftirfarandi:

“Stefnt er að því að Isavia taki yfir rekstur og viðhald allra alþjóðaflugvalla landsins frá 1. janúar 2020 260 Málaflokkur 11.1 og reki sem eitt net og tryggi þannig fjármögnun rekstrar þeirra og viðhalds. Um leið verða flugvellirnir betur búnir til þess að taka á móti áætlunarflugi erlendis frá og stuðla að aukinni dreifingu ferðamanna um landið.”



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Ekki er ennþá ljóst hvort af þessum breytingum verður, né nákvæmlega hvaða þýðingu það hefur fyrir uppbyggingu á Akureyrarflugvelli.

Flugklasinn hefur tekið þátt í vinnu og samstarfi við Austurbrú, Isavia og Íslandsstofu um sameiginlega markaðssetningu á flugvöllum á Akureyri og Egilsstöðum. Tilgangurinn er að búa til sterkara markaðstæki til að koma þessum flugvöllum betur á framfæri sem valkosti fyrir þá sem hyggja á flug til Íslands. Upphafsfundur var snemma í júní og er þetta starf komið í fullan gang nú á haustdögum. Að verkefninu hafa komið bæði erlendir og innlendir ráðgjafar og stefnt er að því að því ljúki fyrir áramót. Lokaafurð verkefnisins er slagorð eða samnefni til að nota í markaðssetningu á þessum flugvöllum og jafnframt norður- og austurhluta landsins.

Hvað er framundan?

Markaðssetning á áfangastaðnum Norðurlandi er verkefni sem á engan endapunkt. Unnið verður með innlendum og erlendum aðilum í framleiðslu á efni og birtingu þess sem víðast.

Þriðjudaginn 15. október verður haldið málþing og vinnustofa í Hofi undir yfirskriftinni „Flug til framtíðar“. Fjallað verður um millilandaflug um Akureyrarflugvöll og hindranir og tækifæri því tengt.

Flugklasinn mun eiga fulltrúa á World Travel Market í London 4.-6. nóvember. Ráðstefnan er haldin árlega og er ein sú stærsta í heimi af þessu tagi. Þátttakan er í samstarfi við Markaðsstofur landshlutanna og Íslandsstofu.

Flugklasinn og MN munu taka þátt í ferðasýningunni Vakantiebeurs í Hollandi um miðjan janúar. Þetta verður í annað sinn sem Flugklasinn sækir sýninguna, en síðast var sýngin var vel heppnuð og góð leið fyrir Flugklasann að kynnast betur hollenska markaðinum og koma Norðurlandi á framfæri.

Flugklasinn mun jafnframt eiga fulltrúa á Mannamóti seint í janúar, Mid-Atlantic um mánaðamótin janúar-febrúar og ITB í Berlín, sem er ein sú stærsta í heimi ásamt WTM í Bretlandi.

Flugklasinn stefnir að því að sækja meira leiguflug, svipað því sem Super Break og Voigt Travel eru að gera. Það styrkir áfangastaðinn og gerir hann meira aðlaðandi fyrir flugfélög til að setja upp áætlunarflug hingað í framtíðinni.

Barátta fyrir uppbyggingu á flugvöllinum heldur áfram. Þar er flugstöðin okkar brýnasta mál, en einnig eru fleiri hlutir sem þarf að huga að. Staða Flugþróunarsjóðs er verkefninu afar mikilvæg, en það hefur fengið staðfest að óráðstafað fé Flugþróunarsjóðs verði til úthlutunar á næstu árum.

Flugklasinn mun beita sér fyrir því að fá svör frá stjórnvöldum um framtíðar skipan mála hvað varðar resktarfyrikomulag flugvallarins og möguleika á fjármögnun á uppbyggingu þar

Akureyri, 11. október 2019

Hjalte Páll Þórarinnsson

Verkefnastjóri Flugklasans Air 66N